

**151. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fjarfundi,
5. janúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir, verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2011109 - Styrkir til menningar- og íþróttamála 2021

Lagðar fram umsóknir um auglýstan styrk til íþróttamála.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri situr fundinn undir þessum lið.

Lagt fram og vísað til næsta fundar með tilliti til nýs samnings við ÍA.

Sævar Freyr vikur af fundi.

2. 2012179 - Frístundastarf allt lífið

Akraneskaupstaður býður upp á frístundastarf fyrir börn og ungmenni og eldri borgara. Frístundastarf fyrir börn og ungmenni hefur þróast og tekið breytingum m.a. með áherslu á þátttöku allra barna. Fyrirhugað er að félagsstarf fyrir aldraða og öryrkja flytji þegar ný þjónustumiðstöð verður tekin í notkun að Dalbraut 4 á árinu 2021.

Umræða um framtíðarsýn um frístundastarf allt lífið.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna málið áfram í samvinnu við velferðar- og mannréttindasvið og hagsmunaaðila.

3. 2012271 - Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2021

Kynntar áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs.

Lagt fram.

4. 2012159 - Þrettándinn og íþróttamaður ársins 2021

Kynning

*Fundarmenn samþykktu fundargerðina með rafrænum hætti.
Sign (BD, RBS, SMS, FES og VJ).*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.